

Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árið 2019

Aukin útgjöld til ellilífeyris á tímabilinu má fyrst og fremst rekja til fjölgunar ellilífeyrisþega. Flestir stjórnmálaflokkar lýstu því yfir fyrir síðustu alþingskosningar að draga þyrfti úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu, en þær eru með því hæsta sem þekkist í löndum sem við berum okkur saman við. Skerðingar vegna viðbótartekna og greiðslna frá lífeyrissjóðum eru um 72% þegar áhrif tekjuskatts og útsvars bætast við 45% skerðingar almannatrygginga. Til að hægt sé að standa við gefin loforð er ljóst að útgjöld þurfa að aukast umfram fjölgun ellilífeyrisþega. Miklar tekjutengingar draga úr vilja fólks til að greiða í lífeyrisjóði og skapa neikvætt viðhorf til þeirra. Mjög brýnt er að tekið verði á þessum órétti sem fyrst.

Það er yfirlýst markmið stjórnvalda að fjölga þeim sem vilja fresta töku ellilífeyris og auka þar með atvinnuþátttöku ellilífeyrisþega. Þar er sérstaklega vísað til sveigjanlegra starfsloka sem lögfest voru við breytingar á kerfinu og töku gildi um s.l. ármót. Samiðn telur að sú breyting sem gerð var nýtist aðeins tekjuhæstu ellilífeyrisþegunum. Sveigjanleg starfslok eru því að óbreyttu ekki í boði fyrir venjulegt launafólk og við slíka mismunun verður ekki unað. Nauðsynlegt er að lögnum verði breytt í þá veru að öllum standi til boða að taka hálfan ellilífeyri frá TR og þeirri breytingu fylgi nægt fjármang.

Gríðarlegur skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki og allt bendir til að sá skortur muni fara vaxandi. Í kjölfar hrunsins varð mikil fækkun nemenda í mörgum iðngreinum og án verulegs átaks verður mjög erfitt að snúa þeirri þróun við. Gott og framsækið verk- og tækninám kallar á töluverðar fjárfestingar bæði í aðstöðu og tækjum. Verulega hefur skort á að uppbygging verk- og tæknináms hafi fylgt nægjanlegt fjármagn. Tryggja verður nemum sem velja iðnnám, að þeir geti lokið námi í einn samfellu. Til þess þarf að styrkja vinnustaðanámsjóð til að auka áhuga og getu fyrirtækja til að taka nema í starfsþjálfun en verulega skort á að hann hafi getað mætt þörfinni vegna fjárskorts.

Sé núverandi ríkisstjórn full alvara að efla iðnnám og verk- og starfsnám, eins og fram kemur í stjórnarsáttmálanum, verður að fylgja aukið fjármagn.

Haustið 2016 gerðu stjórnvöld samkomulag við aðila vinnumarkaðarins og háskólana um þróun fagháskólanáms. Í fjármálaáætluninni er ekkert að finna um þróun fagháskólanáms og því vaknar sú spurning hvort stjórnvöld ætli ekki að standa við framangreint samkomulag frá 2016 um uppbyggingu fagháskólanáms.

Að öðru leyti vísast til umsagnar ASÍ um fjármálaáætlunina.
F.h. Samiðnar



Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri